

Alþingi
Málandagur 130/2424
12.5.2004


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2004


Með bréfi dags. 25. mars sl. óskaði Menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um textun, 386. mál.

Meðfylgjandi er umsögnin.

Virðingarfyllst,



Markús Örn Antonsson.



Markús Örn Antonsson, útvarpsstjóri

Reykjavík, 11. maí 2004

Umsögn Sjónvarpsins um frumvarp til laga um textun. Þskj. 516-386 mál.

Almennt álit

Að fengnum athugasemdum m.a. frá yfirþýðanda Sjónvarpsins, Ellert Sigurbjörnssyni gerir Sjónvarpið eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um textun, 386. mál.

Sjónvarpið hefur lagt sig fram um að auka textun á innlendu dagskrárefni sem ekki er í beinni útsendingu á síðustu árum. Til að ná fram settum markmiðum frumvarpsins, um textun á beinum útsendingum, þarf eftirfarandi fjórum skilyrðum að vera fullnægt:

1. Tækni og búnaður:

- “Velotype” sérhæft lyklaborð, sem notað er við beinar útsendingar, hefur ekki verið aðlagð að íslensku máli. Mjög dýrt og tímafrekt er að laga búnaðinn að íslenskri tungu.
- Verið er að þróa talgreina, þ.e. búnað sem breytir tali í texta. Sú þróun er hvað lengst komin á stærri málsvæðum s.s. á enska málsvæðinu. Gera má ráð fyrir að það sé mjög dýrt og tímafrekt að laga þennan búnað að íslensku máli.

2. Starfsfólk:

- Að því gefnu að “Velotype” lyklaborð og talgreinir séu sérhönnuð fyrir íslenska tungu þarf Sjónvarpið að fá til starfa hóp af mjög sérhæfðu starfsfólki sem þjálfar þarf til þessa verkefnis.

3. Áætlaður rekstrarkostnaður:

- Að því gefnu að hægt verði að laga ofangreindan búnað að íslenskri tungu má áætla að textun 90-100% efnis kosti allt að **100 m.kr.** á ársgrundvelli en þá er miðað við 15-20 fasta starfsmenn sem vinna á vöktum. Að auki er gert ráð fyrir að auka vinnu verktaka við textun á öðru efni en beinum útsendingum.

4. Áætlaður stofnkostnaður:

- Erfitt er að leggja mat á áætlaðan stofnkostnað en gera má ráð fyrir að hann verði verulegur þar sem laga þarf sérhæfðan búnað að hinu fámenna íslenska málsvæði.

Einnig eru gerðar athugasemdir við hve aðlögunartími er skammur og verður nánar vikið að því í athugasemdum við þann lið frumvarpsins.

Ástæða er til að gera athugasemdir við atriði í greinargerð sem að Sjónvarpinu snúa.

Í annarri málsgrein er vikið að textun í Sjónvarpinu og bent á að aðeins hafi verið textaðir 2 hálf tíma innlendir þættir á viku 5 mánuðum eftir að fjárframlagi menntamálaráðherra og fleiri ráðherra var heitið.

Þetta sýnir að nokkurn aðdraganda þarf til að koma slíku verkefni af stað auk þess sem tæknilegir örðugleikar setja því skorður. - Þess ber að gæta að vetrardagskrá með auknu innlendu efni var ekki byrjuð í september 2003. Í nýliðnum aprílmánuði, ári eftir að ráðherrar hét þessu framlagi til textunar voru þó textaðar nær 5 klukkustundir á viku að jafnaði af frumsýndu efni en það jafngildir 10 hálf tíma þáttum.

Einnig segir: “Annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis sjálfsögð...” Rétt er það en samt hafa Finnar aðeins náð að texta 15% af innlendu efni hjá sér sem sýnir að Sjónvarpið stendur ekki öllum þjóðum á Norðurlöndum langt að baki.

Bretar standa mjög framarlega á sviði textunar fyrir heyrnarskerta. Í greinargerðinni er nefnt gott dæmi um fjölgun starfsliðs hjá BBC sem vinnur að textun fyrir heyrnarskerta, frá 6 og upp í 90 árið 2002. Samkvæmt síðustu tölum starfa nú alls 200 manns við textun hjá BBC. Ljóst er að ef uppfylla á skilyrði frumvarpsins þarf að fjölga starfsliði Sjónvarpsins umtalsvert frá því sem nú er. Telja má að fullkominni textun fyrir heyrnarskerta verði samt ekki komið á fyrr en með stafrænu sjónvarpi vegna hnökra sem eru á núverandi tækni, einkum vegna hins sérhæfða íslenska stafrófs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

3. grein Í sumum tilfellum getur það þjónað litlum tilgangi að endursýna efni innan 48 klst., gildir t.d. um íþróttaviðburði. Þetta skilyrði getur jafnframt komið í veg fyrir að Sjónvarpið sinni lögbundnu hlutverki sínu skv. útvarpslögum. Lagt er til að Sjónvarpinu verði veitt heimild til að meta þetta hverju sinni.
4. grein Það er ekki raunhæft að ætla Sjónvarpinu eitt og hálf ár til að ná sama markmiði (50% efnis) og BBC var ætlað að ná á átta árum, sbr. greinargerð.
5. grein Sjónvarpið myndi fagna stofnun Textunarsjóðs en gerir athugasemd við að eiga ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins, þar sem stofnunin er frumkvöðull í textun fyrir heyrnarskerta.

7. grein Þar segir: “Lög þessi öðlast þegar gildi.” Eðlilegra væri að stíga fyrsta skrefið með því að stofna Textunarsjóðinn, ákveða stjórn hans og fjárframlög til hans fyrstu árin.
- Lagaákvæði sem snúa að þeim stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum sem lögin ná yfir tækju ekki gildi fyrr en að tólf mánuðum liðnum svo að tími vinnist til að gera áætlanir um nauðsynlegan tækjabúnað, starfslið og verklag og fá vilyrði hjá stjórn sjóðsins fyrir fé til alls þessa.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson
framkvæmdastjóri Sjónvarps